

SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

Sendiherrar.

1. febrúar afhenti hr. Roy Hermann Hunziker forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sviss á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Guido Keel af störfum sem sendiherra Sviss á Íslandi.

15. marz afhenti hr. Etienne Harford forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Belgíu á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Léon A. Van den Berghe af störfum sem sendiherra Belgíu á Íslandi.

6. apríl afhenti hr. Rogelio Rafael Tristany forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Argentínu á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Carlos Federico Silva Guzmán af störfum sem sendiherra Argentínu á Íslandi.

18. apríl afhenti hr. Hee Bahng forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Lýðveldisins Kóreu á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.

26. júní afhenti hr. Cahit Hayta forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Tyrklands á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Cihat Rüstü Veyselli af störfum sem sendiherra Tyrklands á Íslandi.

28. júní afhenti hr. André Philippe forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Luxemborgar á Íslandi með aðsetri í London. Um leið lét hr. A. J. Claessen af störfum sem sendiherra Luxemborgar á Íslandi.

3. ágúst afhenti hr. S. N. Chopra forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Indlands á Íslandi með aðsetri í Osló.

24. ágúst afhenti hr. Boris Popov forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Búlgaríu á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Laliou Gantchev af störfum sem sendiherra Búlgaríu á Íslandi.

29. ágúst var dr. Alois Reitbauer veitt viðurkenning sem sendiherra Austurríkis á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn.

8. september afhenti hr. Chen Tung forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Alþýðulýðveldisins Kína á Íslandi með aðsetri í Reykjavík.

13. september afhenti hr. Kenneth Douglas Mellwraith forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kanada á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. George Kinnear Grande af störfum sem sendiherra Kanada á Íslandi.

S. d. afhenti hr. Oscar E. Alcalde forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kúbu á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi. Um leið lét hr. Raúl Primelles Xenés af störfum sem sendiherra Kúbu á Íslandi.

22. september afhenti hr. Olof Ragnar Kaijser forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Svíþjóðar á Íslandi með aðsetri í Reykjavík. Um leið lét hr. Gunnar Granberg af störfum sem sendiherra Svíþjóðar á Íslandi.

27. september veitti forseti Íslands hr. Nicolaos Broumas, hershöfðingja, viðurkenningu til þess að vera sendiherra Grikklands á Íslandi með aðsetri í London.

11. október afhenti hr. Frederick Irving forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Bandaríkja Ameríku á Íslandi með aðsetri í Reykjavík. Um leið lét hr. Luther I. Replogle af störfum sem sendiherra Bandaríkja Ameríku á Íslandi.

18. október veitti forseti Íslands hr. Reino Honkaranta viðurkenningu til þess að vera sendiherra Finnlands á Íslandi með aðsetri í Osló.

S. d. afhenti hr. Moshe Leshem forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Ísraels á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn. Um leið lét hr. Avigdor Dagan af störfum sem sendiherra Ísraels á Íslandi.

21. nóvember veitti forseti Íslands hr. Olav Lydvo viðurkenningu til þess að vera sendiherra Noregs á Íslandi með aðsetri í Reykjavík.

22. nóvember veitti forseti Íslands hr. Dermot Patrick Waldron viðurkenningu til þess að vera sendiherra Írlands á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn.

Ræðismenn.

1971:

Egill Stefánsson, sem verið hefur vararæðismaður fyrir Danmörku á Siglufirði hefur látið af því starfi frá 22. nóvember að telja.

1972:

18. janúar var dr. Þórði Þorbjarnarsyni veitt bráðabirgðaviðurkenning sem aðalræðismanni Perú í Reykjavík.

15. febrúar lét Birgir Finnsson af störfum sem vararæðismaður Svíþjóðar á Ísafirði.

3. marz lét Jakob Frimannsson af störfum sem vararæðismaður Svíþjóðar á Akureyri.

6. marz var Gunnlaugi P. Kristinssyni veitt bráðabirgðaviðurkenning sem vararæðismanni Svíþjóðar á Akureyri.

7. apríl var dr. Þórði Þorbjarnarsyni veitt viðurkenning sem aðalræðismanni Perú í Reykjavík.

5. maí var Axel Kristjánssyni veitt viðurkenning sem ræðismanni Suður-Afríku í Reykjavík.

24. ágúst var Joseph Dorilas Richard Roy veitt viðurkenning sem ræðismanni Kanada á Íslandi.

31. ágúst lét Guðlaugur Jónsson af störfum sem vararæðismaður Svíþjóðar á Seyðisfirði.

15. nóvember var Pétri Péturssyni, forstjóra, veitt viðurkenning sem aðalræðismanni fyrir Stórhertogadæmið Luxembourg með aðsetri í Reykjavík.

Nr. 370.

SKRÁ

um ný hlutafélög samkvæmt Lögbirtingablaði 1972.

	Tbl. nr.
ACO h/f, Reykjavík	41
Aldan h/f, Sandgerði, Miðneshreppi, Gullbringusýslu	5
Álfhólfsvegur 5 h/f, Kópavogi	2
Álftaver h/f, Súðavík, Ísafjarðarsýslu	8
Ál og stál h/f, Reykjavík	2
Ál — stál h/f, Akureyri	5
Alternator h/f, Keflavík	7
Alþýðublaðsútgáfan h/f, Reykjavík	52
A. P. Bendtsen h/f, Reykjavík	49
Arnar h/f, Ólafsfirði	41
Árni Siemsen h/f, Reykjavík	71, 73
Ásbrú h/f, Reykjavík	7
Ásmundarbakarí h/f, Hafnarfirði	7
Bakkaskip h/f, Eyrarbakka, Árnessýslu	72
Bátaiðjan h/f, Patreksfirði, Barðastrandarsýslu	7
Bifreiðastöð Íslands h/f, Reykjavík	79
Bifreiðaverkstæðið Kambur h/f, Dalvík, Eyjafjarðarsýslu	13